



## Minnisblað

**Efni:** Vanfjármögnuð verkefni  
**Viðtakandi:** Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð  
**Sendandi:** Sviðstjóri menningar- og íþróttasviðs

Síðasta fjárhagsári íþrótt- og tómstundasviðs og menningar – og ferðamálasviðs er nú lokið og þó rekstrarniðurstaða ársins liggi ekki endanlega fyrir er nauðsynlegt að fara yfir þætti í rekstrinum sem eru vanfjármögnuð.

Vanfjármögnun verkefna 2023 (m.kr.)		
Verkefni	ÍTR	MOF
Ylströndin	7	
Tjaldsvæðið Laugardal - langtímastæði	8,7	
Úlfarsárdalur - miðlægur rekstur		6,5
DÝR	11	
Styrkir - vísitölutengdir	62	
<b>Samtals</b>	<b>88,7</b>	<b>6,5</b>

### Ylströndin Nauthólsvík

Í Nauthólsvík er góð aðstaða til útiveru og þá ekki síst sjósunds sem nýtur vaxandi vinsælda á Íslandi. Hafa sjósundsfólk verið duglegt að nýta sér aðstöðu Ylstrandar allt árið. Utan sumartíma var opið 5 daga vikunnar en vegna mikillar eftirspurnar ákvað menningar-, íþrótt- og tómstundaráð að fjölga opnunardögum Ylstrandar á tímabilinu 15. ágúst – 14. maí um einn dag og hafa þar með opið á föstudögum milli 11:00 – 19:00 sem ekki hafði verið áður og tók sú breyting gildi í ágúst 2021. Sótt var um auka fjárheimild til að standa undir lengri opnum sem ekki fékkst og verði ekki breyting á árinu 2023 verður að draga úr þjónustu við Ylströndina og fækka opnunardögum um einn þar sem fjárheimildir duga ekki fyrir rekstri. Á ársgrundvelli vantar um 7 m.kr. í laun og annan rekstrarkostnað til að geta staðið undir opnun 6 x í viku utan sumartíma.

### Tjaldsvæðið í Laugardal

Á fundi borgarráðs 25. ágúst 2022 var erindi íbúa á langtímastæðum í Laugardal tekið fyrir, með ósk um að fundnar yrðu leiðir til að tryggja áframhaldandi viðveru íbúanna á tjaldsvæðinu og að jafnframt yrði fundin framtíðarlausn fyrir langtímastæði. Niðurstaðan var að ÍTR myndi gera samning við Farfugla ses um afnot langtímagesta að tjaldstæðinu í Laugardal. Farfuglar ses annist áfram rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir ferðamenn sbr. fyrirbyggjandi samning. Samningurinn nái til tímabilsins 1. október 2022 – 15. maí 2023. ÍTR skal annast rekstur þess svæðis sem ætlað er fyrir langtímaleigu á tímabilinu og ákvarða skal hvert endurgjald ÍTR til Farfugla ses verði vegna rekstursins. Ekki er gert ráð fyrir langtímaleigu á svæðinu eftir 15. maí 2023 miðað við núverandi forsendur.

Þann 27. október 2022 fól borgarráð, íþrótt- og tómstundasviði að gera samkomulag við Farfugla ses um afnot langtímagesta að tjaldsvæðinu í Laugardal, ásamt því að kanna möguleika á staðsetningu fyrir langtímastæði fyrir húsbíla með íbúum sem nú búa á svæðinu í Laugardal. Var gert ráð fyrir að tillögum vegna þessa yrði skilað fyrir 1. desember. Sömuleiðis var samþykkt að ÍTR gerði samkomulag og gangi

frá uppgjöri við Farfugla ses vegna tímabilsins maí – desember 2022. Gert var ráð fyrir aukafjárveitingu í viðauka þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir.

ÍTR mun annast þrif á svæðinu og aðstöðu að hluta af mannvirkjum á tímabilinu 1. október 2022 – 15. maí 2023. Hámarksfjöldi stæða í langtímaleigu verði 15 talsins og mánaðargjald fyrir hvert stæði verði 50 þ.kr. frá 1. október 2022 og renni það til ÍTR á móti kostnaði. Uppgjör við Farfugla ses vegna langtímastæða liggur nú fyrir og er ófjármagnaður kostnaður vegna ársins 8.724 þ.kr. og verður þetta bókað á árinu 2023.

### Miðlægur rekstur í Úlfarsárdal

Í Úlfarsárdal er samrekið húsnæði sem hýsir skóla/leikskóla, sundlaug og bókasafn og er rekstrarstjóri og miðlægur rekstur í höndum fjármála- og áhættustýringarsviðs sem sendir mánaðarlega reikninga til sviða með starfsemi í húsinu.

Á árinu er raunkostnaður vegna sameiginlegs rekstrar um 41 m.kr. og má áætla að heildarkostnaður vegna 2022 verði um 45 m.kr.

Sameiginilegur kostn. Úlfarsárdal			Ófjármagnað
Kostn.liðir	Raunkostn. jan - nóv	Áætlaður kostn 2022	Borgar-bókasafn
Laun	15.565.284	18.000.000	6.030.000
Rafmagn/Hiti	14.411.626	14.784.215	
Þrif og ræstingav	9.202.435	10.172.820	
Annað	1.863.815	2050196,5	
<b>Samtals</b>	<b>41.043.160</b>	<b>45.007.232</b>	<b>6.030.000</b>

Kostnaður vegna launa rekstrarstjóra og aðstoðarmanna voru/eru vanfjármögðuð í fjárhagsáætlun 2022 og 2023. Á nýliðnu ári vantaði rúmar 6 m.kr. í ramma borgarbókasafnsins og um 6,5 m.kr. árið 2023. Var sótt um viðbótarfjárheimild bæði fyrir árin 2022 og 2023 sem ekki hafa fengist, en ljóst er að safnið stendur ekki undir kostnaði vegna þessa viðbótar launakostnaðar.

### Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR)

Borgarráð samþykkti þann 4.febrúar 2021 að sameina á einum stað, þjónustu við dýr með stofnun Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR) með starfsstöð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Með þessu var verið að bæta, einfalda og auka skilvirkni þjónustu við dýr og dýraeigendur. Málefni katta voru með þessu flutt frá Meindýraeftirlitinu og Hundaeftirlitið lagt niður en þessi þjónusta var áður hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Samhliða þessu voru hundagjöld lækkuð um allt að helming án viðbótarfjárheimilda þar sem ráðgert var að hundaskráningum myndi fjölga til muna til að veða upp á móti lækkun gjaldskrár. Í samþykktinni kemur fram að um tímabundið verkefni til þriggja ára er að ræða og byggir á mati stýrihóps um þjónustu við gæludýr þar sem fram kemur að hlutfall skráðra hunda fari lækandi í borginni og nauðsyn þess að snúa þeirri þróun við.

Í tillöggunni var bent á að ÍTR þurfti 11 m.kr. inn í ramma ársins 2021 til þess að mæta fyrirsjáanlegri tekjulækkun vegna verkefnisins þannig að rekstur þessa hluta DÝR sé tryggður og var það byggt á forsendum um 10% aukningu á skráningum hunda í kjölfar gjaldskrárlækkunar. Ef vænt fjölgun á skráningum raungerist ekki taldi ÍTR sig þurfa að óska eftir viðbótarfjárheimildum á meðan á verkefninu stendur árin 2022 og 2023.

Niðurstaða ársins 2022 er að tekjur eru undir áætlun um 11 m.kr. og því ljóst að til að standa undir óbreyttu þjónustustigi við hundaeftirlit þarf að auka fjárheimildir DÝR um að lágmarki þá fjárhæð. Ný gjaldskrá DÝR hefur verið samþykkt fyrir árið 2023 sem hækkar gjald fyrir hundahald upp í 15.700 kr. og gerir fyrsta ár eftir skráningu frítt. Þessi breyting hefur ekki áhrif á núverandi rekstrarár en gæti lækkað tekjufrávikið niður í 5 m.kr. á árinu 2024.

### Styrkir - vísitölutengdir

Samningar við þriðja aðila voru að stærstum hluta samningar við íþróttafélög og ÍBR hjá íþrótt- og tómstundasviði og eru grundvöllur fjárhagslegs reksturs hjá flestum íþróttaiðkendum í borginni. Einnig eru húsaleigusamningar við Egilshöll og Íþrótt- og sýningarhöllina sem taka breytingum til samræmis við breytingar á vísitölu neysliverðs. Hjá menningar- og ferðamálasviði voru stærri styrkir til menningartengdrar starfsemi sem reiða sig mikið á framlög borgarinnar og vegna borgarhátíða en þeir hafa ekki hækkað í einhvern tíma. Þá eru einnig samningar vegna Hörpu og Leikfélags Reykjavíkur sem tengdir eru vísitölu neysliverðs og/eða launavísitölu.

Við fjárhagsáætlun 2022 voru forsendur þær að vísitala neysliverðs yrði 2,4% og þróun launa 5,4%. Vísitala neysliverðs hækkaði hinsvegar um 9,6% á árinu 2022 og launavísitala ársins um 8%. Greiðslur til íþróttafélaga og ÍBR hafa því ekki náð að fylgja þróun verðlags og launa sem hefur skapað mikinn óróa og haft áhrif á starfsemi þeirra. Mun þetta verða áframhaldandi vandamál á árinu 2023 þar sem grunnurinn er nú skakkur um 62 m.kr. þar sem hann fylgdi ekki verðhækkunum á síðasta ári. Óskað er eftir að fjárheimildir verði hækkaðar til jafns við vísitöluhækkunir til að íþróttafélög og sambönd í borginni þurfi ekki að taka á sig þessar byrðar. Sama er að segja með menningartengda starfsemi þar sem styrkir borgarinnar skipta miklu máli.

Húsaleigusamningar við Egilshöll og Íþrótt- og sýningarhöllina hafa verið uppreiknaðir og greiddir miðað við neysliverðsvísitölu á meðan fjárheimildir 2022 sem miða við mun lægri hækkun hafa verið óbreyttar. Sömuleiðis hafa samningar við LR og Hörpu fylgt þróun vísitölu sem hafa hækkað mun meira en fjárheimildir á árinu 2022.

Samningar t. vísitölu	Áætlun 2022	raun 2022	Vöntun 2022
Egilshöll (I5290)	785.453.715	830.341.081	-44.887.366
Íþrótt- og sýningarhöllin (I5280)	258.204.004	269.283.342	-11.079.338
Leikfélag Reykjavíkur (3101)	791.242.210	821.335.208	-30.092.998
Harpa (3145)	598.311.573	619.149.206	-20.837.633
<b>Samtals</b>	<b>2.433.211.502</b>	<b>2.540.108.837</b>	<b>-106.897.335</b>

Mismunurinn á áætlun samkvæmt forsendum og raunniðurstöðu er því um 56 m.kr. vegna ÍTR hluta og 51 m.kr. vegna MOF hluta á árinu 2022.

**Eiríkur Björn Björgvinsson,**  
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs